

Alþingi
Erindi nr. P 125/743
komudagur 15. 2. 2000

Efnahags – og viðskiptanefnd Alþingis
Pórshamri v/ Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. janúar 2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjöldauppsagnir /mál 225

Landssamband slökkviliðs – og sjúkraflutningamanna (LSS) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, fjöldauppsagnir. LSS þakkar fyrir það tækifæri sem gefst til að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri með í umsögn þessari.

Breytingar og þar með þróun samningsréttar launamanna og samtaka þeirra hafa ekki verið einhliða ákveðnar af ríkisvaldinu og/eða atvinnurekendum fram til þessa. Þróun samningsréttar opinberra starfsmanna hefur tekið hægfara breytingum í gengum tíðina. Við samningsréttarlagabreytinguna 1986 lagði ríkisvaldið áherslu á sérstöðu starfa við opinbera þjónustu vegna eðli hennar. Því væri bæði rétt og skylt að takmarka verkfallsrétt opinberra starfsmanna umfram launamanna á almennum vinnumarkaði. Um þetta má segja að hafi verið mynduð “sátt” (þ.e. sérstakir listar yfir þá sem máttu starfa í verkfalli) við samtök opinberra starfsmanna gegn margvíslegum úmbótum á löggjöfinni þar á móti. Landssamband slökkviliðsmanna er stofnað á grundvelli slíkra umbóta á samningsréttarlöggjöfinni á grundvelli gagnkvæmra samninga milli aðila, þ.e. ríkisvaldsins, sveitarfélaga og samtaka opinberra starfsmanna (SOS).

Ef breyta á löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna í átt að almennu vinnulöggjöfinni er grundvallaratriði að um það takist góð sátt við heildarsamtök opinberra starfsmanna. LSS hefur haft sig í frammi um breytingar á samningsrétti launamanna og hefur talið löngu tímabært að stærri skref verði stigin í þeim efnum.

Eins og fram kemur í umsögn BSRB hefur verið fullur vilji til að ræða þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu jafnhliða hefur BSRB lagt fram tillögur um breytingar á lögum sem bandalagið telur brýnt að eigi sér stað samhliða þeirri breytingu sem fjármálaráðherra vill gera með frumvarpinu.

Landssamband slökkviliðs – og sjúkraflutningamanna telur einhliða breytingu á lögum að svo stöddu brot á samkomulagi sem gert var árið 1986 með setningu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og þar með rof á friðarskyldu fjármálaráðherra. LSS leggst því gegn því að frumvarpið verði að lögum og leggur jafnframt til að teknar verði upp viðræður milli aðila um úrbætur á löggjöfinni.

Að öðru leiti er tekið undir umsögn BSRB um frumvarpið.

Virðingarfyllt
f.h. LSS

Guðmundur Vignir Óskarsson, formaður